

# Sjálfsmatsskýrsla Rimaskóla

2021-2022

## Efnisyfirlit

|                                                               |    |
|---------------------------------------------------------------|----|
| Skólaárið 2021-2022.....                                      | 2  |
| Sýn, starfshættir, starfspróun.....                           | 2  |
| Samtöl, kennarar spegla starfshætti í sýn skólans .....       | 2  |
| Endurmenntun /símenntun.....                                  | 2  |
| Öryggis- og vinnuverndarmál .....                             | 3  |
| Vinnustaðagreining Reykjavíkurborgar – starfsmannakönnun..... | 4  |
| Samantektir um verkefni í Rimaskóla.....                      | 5  |
| Stafræn gróska .....                                          | 5  |
| Upplýsingatæknimennt í Rimaskóla .....                        | 5  |
| Uppeldi til ábyrgðar.....                                     | 5  |
| Verkefni stutt af þróunarsjóði A hluta.....                   | 6  |
| Ritun og sköpun – .....                                       | 6  |
| Eling sviðslista .....                                        | 6  |
| Seiga, sjálfstæði og sjálfstjórn .....                        | 7  |
| Erasmus verkefni .....                                        | 8  |
| Stigsfundir, kennarafundir og starfsmannafundir .....         | 8  |
| Skólaráðsfundir.....                                          | 8  |
| Foreldrasamfélagið .....                                      | 8  |
| Foreldrakönnun SFS.....                                       | 8  |
| Námsmat, lesferill og byrjendalæsi .....                      | 9  |
| Samræmd könnunarpróf.....                                     | 9  |
| Niðurstöður „Lesfimi“ .....                                   | 10 |
| Byrjendalæsi .....                                            | 11 |
| Byrjendalæsi 1. bekkur.....                                   | 11 |
| Byrjendalæsi 2. bekkur.....                                   | 12 |
| Byrjendalæsi 3. bekkur.....                                   | 13 |
| Byrjendalæsi 4. bekkur.....                                   | 13 |
| Viðhorf og líðan nemenda.....                                 | 14 |

|                                   |    |
|-----------------------------------|----|
| Starfs- og námsráðgjafi.....      | 14 |
| Tengslakannanir .....             | 15 |
| Stærri kannanir .....             | 15 |
| Rannsókn og greining.....         | 15 |
| Íslenska æskulýðsrannsóknin ..... | 16 |
| Að lokum .....                    | 19 |

## Skólaárið 2021-2022

Skólaárið litaðist töluvert af heimsfaraldri. Ýmsar takmarkanir voru settar á en skólastarf var aldrei fellt niður. Tryggt var að nemendur í 1. – 4.bekk voru ætíð með sinn skóladag og fengu flest af námsfögum sem til var ætlast. Nemendur í 5. – 10.bekk þurftu að búa við fleiri og íþyngjandi takmarkanir sem var í formi grímunotkunar, blandast ekki á milli hópa og í sumum tilfellum að vera í bekkjarstofum að megni til. Nemendur í 5. – 10.bekk voru frá 4. janúar 2022-4. febrúar 2022 í töluverðum takmörkunum, meira og minna í eigin bekkjarstofum og voru í skólanum frá kl. 8:30-12:20. Á þessum tíma var lögð áhersla á kjarnagreinar. Eftir að takmörkunum lauk þá kom tímabil sem einkenndist mikið af forföllum og veikindum í nemendahópnum en í nokkrar vikur voru að meðal tali um 100 nemendur frá skóla á hverjum degi. Eftir að allar takmarkanir voru svo lagðar af fór starfsfólkið að veikjast og voru fjarverandi þegar mest var um 40% starfsfólks. Ekki tókst alltaf að halda uppi kennslu á þessu tímabili og eitthvað af eyðum komu í töflur nemenda.

## Sýn, starfshættir, starfsþróun

### Samtöl, kennarar spegla starfshætti í sýn skólans

Starfandi kennurum var boðið upp á starfsþróunarsamtöl á tímabilinu 24. janúar og fram að vetrarfríi. Margir skráðu sig í viðtöl en aðrir sóttu ekki um að taka spjallið. Kennarar og annað starfsfólk var þó duglegt að koma reglulega yfir veturinn eftir þörfum til að ræða málín.

Vegna ástands í heimsfaraldri var ekki mikið um stóra fundi. Lögð var áhersla á stigsfundi (yngsta stig, miðstig og unglingastig) sem funduðu nær vikulega yfir skólaárið. Bæði voru Teams og staðfundir notaðir í þeim tilgangi. Stigin kölluð eftir stjórnendum eftir þörfum á fundina.

Ljóst er að við þurfum að vinna betur að sýn og hvernig við viljum efla skólastarfið enn frekar. Við þurfum að þetta hópinn eftir erfið skólaár og marka okkur leið.

### Endurmenntun /símenntun

Starfsfólk Rimaskóla sinnir fjölbreyttri endurmenntun/símenntun. Skólastjóri ber ábyrgð á að útbúa símenntunaráætlun fyrir skólann. Hugmynda og samráðs er leitað á fundu, samtölum og einnig var send út könnun í Monkey Survey þar sem kannaðar voru óskir starfsmanna til símenntunar fyrir komandi skólaár.

Í vetur var unnið samkvæmt símenntunaráætlun og var lögð áhersla á

- a) innleiðingu grænna skrefa
- b) innleiðingu tölvutækni
- c) leiðsagnarnám
- d) regnbogavottun

Að vori skila kennarar yfirliti yfir símenntun til stjórnenda. Þar kemur fram mjög fjölbreytt símenntun sem kennarar skila. Allmargir hafa tekið námskeið hjá Háskóla Íslands og hafa nokkrir hug á að gera það áfram næsta skólaár.

Lestrarhópur var í gangi í vetur er tengist leiðsagnarnámi. Leiðsagnarnám – bók eftir Nönnu Kristínu Christiansen var lögð til grundvallar.

Kennarar þurftu áfram að efla sig í tölvutækninni en skólinn fékk Chrome tölvur fyrir nemendur í 7. – 10. bekk á þessu skólaári.

Starfsfólk Rimaskóla tók þátt í þróunarverkefninu Hinsegyn – hinseginvænni Grafarvogur og Kjalarnes. Markmið verkefnisins var að efla fræðslu og vitund um hinsegin málefni meðal starfsfólks grunnskóla og félagsmiðstöðva í Grafarvogi. Einnig að efla fræðslu og vitund um hinsegin málefni meðal nemenda á unglingastigi og að vinna markvisst með hinsegin unglingum í hverfinu til að bæta geðheilsu þeirra, auka félagsfærni og styðja.

Í þessu samverkefni tóku þátt Gufunesbær, Rimaskóli, Foldaskóli, Víkurskóli, Klébergsskóli, Húsaskóli, Engjaskóli, Hamraskóli, Borgarskóli, félagsmiðstöðvarnar Sigyn, Fjörgyn, Vígryn og Höllin og Háskóli Íslands. Lesa má um verkefnið hér:

<https://menntastefna.is/strengths/hinsegyn-hinseginvaenni-grafarvogur-og-kjalarnes/>

Starfsfólk sat hálfan starfsdag fræðslu um málefnið og að því loknu skartaði Rimaskóla Regnbogavottun! Hér á lesa nánar um regnbogavottunina:

<https://reykjavik.is/regnbogavottun-reykjavikurborgar>

### *Öryggis- og vinnuverndarmál*

Öryggisnefndin fundaði tvisvar sinnum á skólaárinu. Farið var yfir undirbúning á rýmingaráætlun og svo var hún metin. Tveir fulltrúar í öryggisnefnd fóru á vinnuverndarnámskeið.

### Vinnustaðagreining Reykjavíkurborgar – starfsmannakönnun

Viðhorfskönnun starfsmanna Reykjavíkurborgar fór fram á tímabilinu 21. febrúar – 21. mars og var send út rafrænt. Á þessu tímabili var mikill þungi í COVID-19 smitum á meðal starfsmanna og mikið álag. Aðeins 51,8% starfsmanna svöruðu könnuninni.

|                             | Rimaskóli | Skóla- og frísundasvið - allir |
|-----------------------------|-----------|--------------------------------|
| Allir þættir                | 3,70      | 3,84                           |
| Betri vinnutími             | 3,19      | 3,60                           |
| COVID-19                    | 2,44      | 2,36                           |
| Fræðsla og þjálfun          | 4,16      | 4,11                           |
| Hæfilegt vinnuálag          | 1,79      | 2,35                           |
| Líðan - Álag                | 3,19      | 3,43                           |
| Starfsandi                  | 4,19      | 4,23                           |
| Starfsánægja                | 4,22      | 4,32                           |
| Stjórnun                    | 4,00      | 4,15                           |
| Sveigjanleiki í starfi      | 3,90      | 4,25                           |
| Tilgangur                   | 4,51      | 4,50                           |
| Upplýsingaflæði             | 3,95      | 4,14                           |
| Vellíðan og hugarfar grósku | 3,73      | 3,96                           |
| Viðurkenning                | 3,98      | 3,97                           |
| Vinnuaðstaða                | 3,83      | 3,99                           |

Niðurstöður setjum við fram með samanburði við Skóla- og frístundasvið. Þar kemur fram að álag vegna COVID-19 var mjög mikið í skólum borgarinnar. Miklar kröfur voru til stofnana að halda uppi góðu skólastarfi í heimsfaraldri. Starfsfólk þurfti oft á tíðum að gjörbreyta starfsaðstæðum með litlum fyrirvara. Mikið álag var í starfsmannahópi vegna veikinda og þurftu starfsmenn iðlega að bæta á sig verkum og nemendahópum til að tryggja að starfsemi væri tryggð.

Við sjáum að eftir svona þungan vetur þarf að hlúa vel að starfsfólki. Mikill áhugi er á að endurbæta kaffistofu og vinnuherbergi. Því miður hefur skólinn ekki fjármagn til að gera það og þurfum við að finna leiðir hvernig við getum framkvæmt endurbætur þannig að sómi sé af. Nýjar spurningar komu inn er varðar COVID-19. Þær hafa dregið niður meðaltalið í könnuninni sem er ekki gott þar sem við gátum ekki komið í veg fyrir heimsfaraldur og störfuðum eins og vel og okkur var uppálagt.

## *Samantektir um verkefni í Rimaskóla*

### *Stafræn gróska*

Allir nemendur á mið- og unglingastigi í borgarreknum grunnskólum munu fá afnot af námstæki, annað hvort Chrome tölvur eða iPad en það á að vera komið árið 2023. Eigið námstæki eykur möguleika á fjölbreyttari verkefnavinnu og margs konar stuðningi við námið. Í desember 2021 fengu nemendur í 8. og 9.bekk nýjar Chrome tölvur og 10.bekkurinn fékk þær sem þegar voru til. Sjöundi bekkurinn fékk eftir áramótin tæki fyrir hvern og einn. Sjötti bekkur fékk svo tæki til afnota í skólastofunni og stefnt er á að fimmti bekkur fái tæki haustið 2022.

Mikil gleði hefur verið hjá nemendum og kennurum varðandi aukinn tækjabúnað og hefur mikil gróska einmitt farið fram í breyttum kennsluháttum tengt auknu aðgengi.

### *Upplýsingatæknimennt í Rimaskóla*

Í vetur hefur verið mikil þróun og breyting í kennslu á upplýsingatækni í Rimaskóla. Í 5., 6., 7. bekk og í allri unglingadeildinni en nemendur hafa fengið kennslu í upplýsingatækni og unnið fjölbreytt verkefni. Upplýsingatækni var með listgreinum í vetur hjá miðstiginu þar sem nemendur voru í hópum og fengu fjóra 40 mínútna tíma á viku í 6 vikur í senn. Aðal áherslan var sú að vinna með stafræna sköpun og unnu nemendur margskonar verkefni. Á unglingastigi hafa nemendur fengið kennslu í forritum og viðbótum Google umhverfisins ásamt ýmsu öðru sem nýst hefur til verkefnaskila í öðrum fögum ásamt kennslu í upplýsingaöflun. Samþætting námsgreina er mikilvægur þáttur í þróun skólans í upplýsingatækni og sú þróun mun aukast næstu misseri. Í upplýsingatæknistofunni er nægur tækjakostur og nemendur á unglingastigi fengu sína eigin fartölvur og það gerði heilmikið.

Upplýsingatæknin í Rimaskóla hefur verið í mikilli þróun síðustu tvo vetur og mun sú vinna halda áfram næsta vetur og námsefnið og verkefni næsta vetur munu endurspegla þessa þróun. Nemendur hafa fengið fjölbreytna kennslu á margskonar forrit og viðbætur sem geta nýst þeim bæði í öðrum fögum sem og á efri skólastigum þegar kemur að verkefnavinnu, verkefnaskilum og svo framvegis. Innleiðingin er á góðri leið og mun bara aukast. Rimaskóli ætlar að nýta tæknina og kenna nemendum sínum að miðla þekkingu sinni á fjölbreytan hátt.

Það var gott og stórt skref að skólinn ákvað að vinna mest með fartölvur og Google umhverfið enda möguleikarnir nánast endalausir og það umhverfi sem nemendur eiga auðvelt með að tileinka sér.

### *Uppeldi til ábyrgðar*

Uppeldi til ábyrgðar ýtir undir ábyrgðarkennd og sjálfsstjórn hjá einstaklingum og hugar að því að þjálfar með börnum og unglingum sjálfsaga. Uppeldi til ábyrgðar er einnig verkfæri fyrir starfsfólk Rimaskóla í samskipta- og aga málum.

Uppeldi til ábyrgðar ( uppbyggingarstefnan ) leggur áherslu:

- á jákvæð og uppbyggjandi samskipti og gagnkvæma virðingu
- ábyrgð hvers og eins á eigin hegðun ( getum stjórnað okkur, ekki öðrum)
- að það er í lagi að gera mistök en mikilvægt að draga lærdóm af þeim ( vaxa við hverja raun )

- að finna leiðir til að uppfylla þarfir sínar á jákvæðan hátt án þess að það komi niður á öðrum sem í kringum mann eru

Unnið var með að kennarar settu upp bekkjarsáttmála og ynnu kennsluáætlun í anda Uppeldis til ábyrgðar. Þeir áttu að þjálfa sig í aðferðarfræðinni.

Allir árgangar unnu kennsluáætlanir og gekk það eftir. Margir árgangar héldu kynningu á bekkjarsáttmála fyrir stjórnendur.

Ávinningur verkefnisins fyrir börn er að þau átti sig á styrkleikum sínum og veikleikum. Mikilvægt er að gefa þeim rými til að leysa samskiptamál sem upp koma með stuðningi fullorðinna.

### *Verkefni stutt af þróunarsjóði A hluta*

#### *Ritun og sköpun*

Að samræma og efla skriftar- og ritunarferli nemenda á yngsta stigi var markmið verkefnisins í upphafi. Huga átti að því hvernig ritun og sköpun geti eftir lestrarfærni. Koma átti upp hópi teymi kennara sem setja niður markmið og fylgja eftir í lærdómssamfélagi Rimaskóla.

Stýrihópar af yngsta stigi funduðu með stigstjóra yngsta stigs. Sá aðili sem átti að leiða verkefnið var fjarverandi nær allt skólaárið. Hópurinn þurfti því að aðlaga verkefnið.

Horft var til leiðsagnarnáms, byrjendalæsi og þróunarverkefnisins „Velkomin í hverfið mitt – þorpið“ sem skólinn hefur tekið þátt í. Kennarar huguðu að hvernig hægt væri að efla skrift og ritunarferli tengt þessum þremur þáttum. Unnið var með ritun í byrjendalæsi og stigin samhæfðu verkefnin. Unnið var með þorpstjóra Rimaskóla varðandi nemendur af erlendum uppruna. Nemendur unnu að orðalistum sem voru sýnilegir í stofum.

Kennarar voru sammála að verkefnið hefði þurft að hafa fullgildan verkefnisstjóra (en hann datt út þetta skólaár). Við hefðum viljað hafa aðgang að meiri fræðslu en erfitt var á tímabili að fá fyrirlesara og fundi vegna heimsfaraldurs. Verkefnið fór því ekki eins langt og við hefðum viljað.

Ávinningur er að kennarar eru komnir með skýrari línur á hverju stigi en það þarf samt að þróa það enn frekar.

#### *Efning sviðslista*

Þættir verkefnisins snertu fyrst og fremst þátt sköpunar í Menntastefnu en einnig var teft á sjálfsefningu, virkni barna og félagsfærni. Mikilvægt er að hjálpa nemendum að finna styrkleika sína, vinna með ólíkar þarfir, koma til móts við fjölbreyttan nemendahóp og setja upp fjölbreytt námsumhverfi. Með þessu verkefni var virkni nemenda sett inn á markvissan hátt inn í skólalastarfið.

5.bekkur setti upp helgileik með nýstárlegri uppsetningu. Í stað þess að sýna hann fyrir áhorfendum var leikritið tekið upp. Foreldrar fengu svo að sjá helgileikinn í gegnum tengil og nemendur skólans horfðu á hann í stofum á litlu jólum (hann má sjá hér:

<https://youtu.be/uYs7W64Pn6M>).

6.bekkur setti upp leikritið Hrói höttur og sýndi það í júní 2022 fyrir foreldra og nemendur skólans eða alls þrjár sýningar. Leikritið var sýnt í grenndarskógi Rimaskóla. Ráðinn var leikstjóri (Urður Bergsdóttir) sem sá um æfingar og leikstjórn. Frétt um sýninguna má lesa hér af heimasíðu Rimaskóla: <https://rimaskoli.is/2022/06/03/6-bekkur-setti-upp-leikritid-hroa-hott-i-grenndarskoginum/>

7.bekkur setti upp leikritið Blái hnötturinn í útfærslu og leikstjórn Urðar Bergsdóttur. Nemendur sýndu leikritið fyrir foreldra og svo fyrir nemendur skólans, alls þrjár sýningar í lok maí 2022. Leikritið var sett upp í sal skólans og sáu nemendur ásamt nokkrum kennurum skólans að útbúa leikmynd og leikbúninga. Frétt frá sýningunni má lesa hér af heimasíðu Rimaskóla: <https://rimaskoli.is/2022/06/03/7-bekkur-setti-upp-blaa-hnottinn/>

Verkefnið er metið út frá afurðum. Sýningar voru teknar upp hjá 5.bekk og nemendur í 6. og 7.bekk héldu þrjár sýningar fyrir áhorfendur. Ferlið hófst hjá fimmta bekk í desember og sýning send út á litlu jólum. Hjá 6. og 7.bekk hófust æfingar og útfærslur í lok mars mánaðar. Við tók strembinn tími þar sem nemendur æfðu stíft og töluvert þurfti að vinna með hópinn.

Ávinningurinn verkefnisins var að hafa tekið þátt í að setja upp alvöru leikverk fyrir framan áhorfendur. Þetta styrkti samheldni hópsins og þjáfaði þau í sjálfsefningu.

#### *Seiga, sjálfstæði og sjálfstjórn*

Markmið verkefnisins var að auka sérfræðipækkingu innan skólans svo hægt væri að gera markvissa stefnu hvernig efla megi hegðunar-, félags- og tilfinningafærni nemenda. Við saúm að flétta þurfti þessum atriðum inn í annað nám barnanna svo hægt væri að styrkja þau í leik og starfi. Eitt af meginmarkmiðum Menntastefnu Reykjavíkurborgar er að öll börn vaxi, dafni og uni sér saman í lýðræðislegu samfélagi sem einkennist af mannréttindum og virðingu fyrir fjölbreytileika mannlífs. Ávinningur verkefnisins var að efla seiglu, sjálfstæði og sjálfstjórn nemenda til að takast á við margbreytilegar aðstæður í daglegu lífi. Þetta var framkvæmt með fjölbreyttum hætti.

- Vinaliðaverkefni var haldið úti en tveir verkefnastjórar stýrðu því. Nemendur voru kosnir sem vinaliðar í 4. – 7.bekk og fundað var með þeim á tveggja vikna fresti. Vinaliðaári var skipt í haustönn og vorönn og voru nemendur kosnir 2x á skólaárinu.
- Félagsfærni var unnið með í hópum í 6.bekk. Erfið samskipti hafa verið í árganginum og allir nemendur fengu félagsfærniþjálfun í hópum yfir skólaárið. Gerðar voru í lokin tengslakannanir og sjá má þar að enn er margar áskoranir eftir sem þarf áfram að vinna að.
- Þrír starfsmenn voru skráðir á ART námskeið en því var frestað vegna COVID. Starfsmennirnir fara á námskeiði í ágúst 2022.
- Einn starfsmaður fer á Snillingana en það var ekki í boði á þessu skólaári en verður haldið í október 2022.
- Fimm kennarar fóru á Verkfærakistuna hjá KVAN.

Með verkefninu var unnið að því að búa til sérfræðihóp innan skólans sem geta komið að vinnu í lausnarteymi skólans. Mikill ávinningur er fyrir börn að skólinn geti brugðist hratt og vel við erfiðum áskorunum hjá börnum og stutt þau á rétta braut.

### *Erasmus verkefni*

Rimaskóli var þátttakandi í einu Erasmus verkefni á þessu skólaári. Verkefnið heitir, *PC Skills and Social Media in a constructive and creative way* og þáttökulönd eru Ísland, Holland, Þýskaland og Spánn.

Það voru tveir fundir á skólaárinu, sá fyrri í Hollandi í nóvember og sá seinni á Íslandi í maí.

Á fundinum í Hollandi var verkefnið undirbúið og nemendur bjuggu til lógó verkefnisins auk þess að fræða hvort annað um notkun á samfélagsmiðlum í þeirra landi og hvernig kennslu um hættur samfélagsmiðla rí hverju landi fyrir sig. Í þá ferð fóru tveir starfsmenn Rimaskóla ásamt fimm nemendum úr 10.bekk.

Á fundinum á Íslandi tóku þátt 16 nemendur úr Rimaskóla auk 16 nemenda frá Hollandi, Spáni og Þýskalandi. Á þessum fundi var byrjað að undirbúa handbók sem verður ein af afurðum verkefnisins. Í handbókinni verða kennsluáætlanir til að auðvelda kennurum kennslu um samfélagsmiðla og þeirri hættu sem þar býr. Jafnframt var farið með gestina í tvær dagsferðir um suðurlandið til að kynna þeim land og þjóð.

Næsti fundur er áætlaður í byrjun september 2022.

### *Stigsfundir, kennarafundir og starfsmannafundir*

Stigsfundir voru haldnir aðra hverja viku og ritaðar fundargerðir. Stigstjórar fylgdu málum eftir og funduðu reglulega með stjórnendum. Kennara- og starfsmannafundir voru haldnir eftir þörfum.

### *Skólaráðsfundir*

Gert var ráð fyrir fimm fundum hjá skólaráði en vegna samkomutakmarkana og takmarkana á skólahaldi þá urðu þeir fjórir. Fundargerðir eru á heimasíðu skólans og má lesa [hér](#).

### *Foreldrasamfélagið*

Á COVID-19 tímum hefur sannarlega verið ákveðin ögrun að halda uppi foreldrasamstarfi. Kennarar í fyrsta bekk hafa boðið foreldrum í heimsókn og þar fengu foreldrar meðal annars að prófa smiðjuvinnu. Einnig voru foreldrum boðið að sjá hvað nemendur 1.bekkja höfðu lært í dansi yfir skólaárið. Einnig má nefna að undir vorið 2022 voru leiksýningar í 6. og 7.bekk þar sem foreldrum var boðið að koma og horfa á. Svo má geta þess að 10.bekkur með lokaverkefni í annað sinn og var kynning á verkefnum haldin á sal fyrir foreldra.

Ný stjórn foreldrafélags Rimaskóla var kosin á aðalfundi félagsins þann 28. október 2021. Á fundinn mættu 40 manns og fjöldi manns bauð sig fram til starfa. Foreldrafélagið hefur meðal annar séð um niðurgreiðslu á ungarnahermiverkefninu „[Hugsað um barnið](#)“ á unglingastigi, vorhátíð, fyrirlestira, öskudagsglaðning og svo margt fleira.

### *Foreldrakönnun SFS*

Annað hvert ár er send út viðhorfakönnun til foreldra sem Skóla- og frístundasvið sendir út. Tilgangur könnunar er að ná fram viðhorfi foreldra til starfsemi skóla og vellíðan barna í skóla.



Í ár var könnunin lögð fyrir í mars 2022. Svör bárust frá um 74 foreldrum sem er 70,1% svörun af úrtakinu. Hér má sjá nokkur atriði frá niðurstöðum.

Skólanum er vel stjórnað

4,03 4,04  
Samanburður


Ég er ánægð/ur með skólann

Barninu líður vel í skólanum

4,04 4,13  
Samanburður

Hlutfall sérúrræða/aðstoðar

39,2%



Skipting úr leikskóla gekk vel

88,2%

Tekið á stríðni og einelti

3,45 3,65  
Samanburður

Barnið tekur framförum

4,01 4,01  
Samanburður

Þróun meðalskors: Þegar á heildina er litið, er ég ánægð(ur) með skólann



Það er ánægjulegt að sjá að ánægja foreldra með skólann hefur aukist á þessum erfiðu árum. Foreldrum finnst við megum taka betur á stríðni og einelti.


*Námsmat, lesferill og byrjendalæsi*

*Samræmd könnunarpróf*

Niðurstöður samræmdra prófa eru aðgengilegar á vefnum: [skyrslur.mms.is](https://skyrslur.mms.is). Hér má sjá árangur Rimaskóla frá árinu 2000. Engin samræmd próf voru lögð fyrir á skólaárinu 2021-2022.

### Niðurstöður „Lesfimi“

Hér má sjá niðurstöður lesfimi í maí 2022 en hún er fengin úr gagnabanka Skólagáttar.



Rimaskóli er með virkt lestrarteymi. Unnið er eftir Læsisstefnu Grafarvogs og Kjalarnes, sjá á heimasíðu skólans: <https://rimaskoli.is/nam-og-kennsla/lestur/>

Nemendur á yngsta stigi þurfa að halda utan um lesturinn sinn og foreldrar/forráðamenn kvitta svo að lágmarki 5 sinnum í viku.

Ferill heimalestur

1. Nemendur eiga að lesa 5 sinnum heima yfir vikuna
2. Umsjónarkennarar fylgjast með heimalestri sinna umsjónarnemenda
3. Eftir 5 skipti sem nemandi les ekki heima sendir umsjónarkennari póst til foreldra

4. Eftir 10 skipti hringir umsjónarkennari í foreldra
5. Eftir 15 skipti boðar umsjónarkennari foreldra á stuttan fund
6. Eftir 20 skipti boðar lestrarteymi foreldra á fund í þeim tilgangi að aðstoða foreldra við að koma af stað virku lestrarferli heima.

Mat á heimalestri er eftirfarandi:

- Lesið heima 6-7 daga eða oftar: Frábær frammistaða
- Lesið heima 5 daga: Mjög góð frammistaða
- Lesið heima 4 daga: Þörf á að gera betur
- Lesið heima 3 daga eða sjaldnar: Óviðunandi frammistaða

### *Byrjendalæsi*

Í Rimaskóla er unnið með byrjendalæsi í 1. – 4. bekk. Eftirfarandi var tekið fyrir í hverjum árgangi fyrir sig:

#### *Byrjendalæsi 1. bekkur*

Kennt var eftir Byrjendalæsi. Teknikir voru tveir stafir í einu að jafnaði og unnið með þá í u.þ.b. tvær vikur, mikið á stöðvum.

Námsgögn í Byrjendalæsi: Úrklippubækur og ýmis ljósrituð verkefni tengd Byrjendalæsi. Leir, frauðstafir, perlur og kubbar (með stöfum), lpad, tölvur, spil.

Bækur sem unnið var með í vetur með í vetur :

| Bók                          | Stafir    | Lykilorð         |
|------------------------------|-----------|------------------|
| Ég vil fisk                  | F og I    | fiskur           |
| Asnaskólinn                  | A og S    | asnaskólinn      |
| Beint í mark                 | V og Ö    | markvörðurinn    |
| Ég er klárastur              | Á og R    | klárastur        |
| Krúttið hennar Gunnu         | K         | krókóðill        |
| Skrímsli á toppnum           | T og O    | toppurinn        |
| Jólasveinasaga               | J         | jólasveinasaga   |
| Húsdýrin og Trölli           | H         | húsdýragarðurinn |
| Dúbbi dúfa                   | D og Ú    | Dúbbi dúfa       |
| Lubbi lundi                  | U og B    | Lubbi lundi      |
| Risaeðlugengið – Eggið       | E og G    | risaeðlugengið   |
| Fíasól                       | Ó, L og Í | Fíasól           |
| Súperamma og sjóræningjarnir | Æ og N    | sjóræningjarnir  |

Aðrir stafir teknikir án Byrjendalæsisbóka

Heimavinna: Lestrarbækur við hæfi hvers og eins, ætlast var til að nemendur lesi heima daglega eða a.m.k. 5 sinnum í viku. Nokkuð stíf eftirfylgni. Bakkað var með flesta í lestri í

byrjun janúar og fóru flestir nemendur í gegnum öll léttlestrarhefti 1-12, Omma, Rebba og Lóu. Það skilaði sér og allir fengu gott sjálfstraust við að lesa léttan texta. Góðar framfarir.

Kvittanahefti frá lestrarteyminu voru nýtt með mjög góðum leiðbeiningum fyrir hlustanda. Nemendur fengu límmiða ef þeir lásu 5x í vikunni eða oftar. Ástundunarskráning inn í Mentor á mánudegi ef nemandi hafði ekki lesið heima 5x í viku.

Kennsluhættir: Innlagnir á bókstöfum, réttur stafdráttur kenndur, sérhljóðar og samhljóðar (rauður og grænn stafur), fundin orð sem byrja á bókstaf vikunnar og unnið út frá lykilorði sem inniheldur bókstafina og þau skráð á töflu með hjálp nemenda, úrklippuverkefni, byrjendalæsisverkefni (orðasúpur, lykilorðarenningur, stafasúpur, skuggaverkefni, bingó, gefa/taka, sóknarskrift, veiðimaður, minnisspil, orð í orði, sögugerð, myndasaga, samlestur, paralestur, umræða um bókmenntir og einstök orð úr þeim). Við unnum mjög mikið á stöðvum, jafnvel stærðfræðiblaðsíður úr Sprota, bókstafi í Lestrarlandinu og fleira.

### *Byrjendalæsi 2. bekkur*

Stuðst var við aðferðir Byrjendalæsis við læsisskennslu og alla íslenskukennslu nemenda í 2. bekk.

Námsgögn í Byrjendalæsi: Hver er flottastur, Hver er sterkastur, Rauðhetta og úlfurinn, Jólasveinasaga, Palli var einn í heiminum, Komdu og skoðaðu líkamann, ásamt spilum og ýmsum ljósrituðum verkefnum.

Nær eingöngu unnið á stöðvum. Dæmi um stöðvavinnu: Pétur og úlfurinn.

„Rauðhetta og úlfurinn“

1. Lykilorð – úrklippubók
2. 10 vinir
3. Orðaskuggar/orðasúpa
4. Gefa – taka
5. Lestur -
6. Veiðimaður

Kennsluhættir: Upprifjun á sérhljóðum og samhljóðum (rauður og grænn stafur), nafnorð; sérnöfn og samnöfn, sagnorð, samsett orð, samheiti og andheiti.

Með hverri bók var unnið með lykilorð (orð í orði og orð úr orði).

Einnig var unnið með ritun, hlustun, orðasúpur, lykilorðar, orðaskugga, bingó, gefa/taka, sóknarskrift, ýmis spil, sögugerð, upplestur á eigin ritun, myndasaga, paralestur, frásögn. Ræddum um söguna og ýmis orð sem þar komu fram.

Lestarbækur við hæfi hvers og eins. Allir áttu að lesa heima a.m.k. 5 daga vikunnar. Þetta var eina heimavinna nemenda í 2. bekk þar sem lesturinn var settur í öndvegi.

### *Byrjendalæsi 3. bekkur*

Kennt var eftir þróunarverkefninu Byrjendalæsi.

Námsgögn í Byrjendalæsi: Hrafninn, Fíásól og litla ljónaránið, Risaeðlutíminn, Kuggur þorablót, Komdu og skoðaðu; hafið, eldfjöll, fjöllin, land og þjóð. Ýmis ljósrituð verkefni tengd byrjendalæsi og spil.

Margar byrjendalæsisbækur voru nýttar til kennslu á ýmsum þáttum samfélags- og náttúrufræði. Þar að auki var unnið með bækurnar Könnum kortin, Komdu og skoðaðu; hafið, fjöllin, eldgos, land og þjóð og unnum ýmis verkefni út frá þeim.

Kennsluhættir: Upprifjun á sérhljóðum og samhljóðum, (rauður og grænn stafur), lýsingarorð, sagnorð, nafnorð; sérnöfn og samnöfn, kyn orða, samsett orð, samheiti og andheiti, unnið með lykilorð, úrklippuverkefni, ritun, hlustun, byrjendalæsisverkefni (orðasúpur, lykilorðarenningur, stafasúpur, skuggaverkefni, bingó, gefa/taka, sóknarskrift, veiðimaður, minnisspil, orð í orði, orð úr orði, sögugerð, myndasaga, samlestur, paralestur, frásögn, umræða um bókmenntir og einstök orð úr þeim). Sögur lesnar í nestistímum.

Unnið með ritun og uppbyggingu texta. Nokkur ljóð voru kennd yfir veturinn sem voru meðal annars tengd við byrjendalæsi og samsöng.

Heimavinna: Lestarbækur við hæfi hvers og eins voru sendar heim með börnunum strax í skólabyrjun, bækur af bókasafni skólans og aðrar lestarbækur. Allir áttu að lesa heima a.m.k. 5 daga vikunnar. Lestur og sögugerð var meðal annars heimavinna hjá 3. bekk í vetur.

### *Byrjendalæsi 4. bekkur*

Kennt var eftir aðferðum Byrjendalæsis.

Námsgögn í byrjendalæsi: Komdu og skoðaðu landnámið og himingeiminn. Trúarbragðafræði. Ýmis ljósrituð verkefni tengd byrjendalæsi og spil.

Kennsluhættir: Unnið með málfræðihugtök eins og lýsingarorð, sagnorð, nafnorð; sérnöfn og samnöfn, kyn orða, samsett orð, samheiti og andheiti, fallbeygingu, eintölu, fleirtölu, stigbreytingu lýsingarorða. Sögur lesnar í nestistímum.

Unnið var með ritun og uppbyggingu texta. Nokkur ljóð voru kennd yfir veturinn sem var meðal annars tengt við byrjendalæsi og samsöng.

## *Viðhorf og líðan nemenda*

Skólinn hefur margvísleg tæki til að meta viðhorf og líðan nemenda. Umsjónarkennarar eru reglulega með tíma þar sem þeir ræða margvísleg mál við nemendur sína er varðar líðan og viðhorf. Utanaðkomandi fræðsla er oft fengin og þess má geta að ráðgjafi tók 6.bekkja árgang í félagsfærnihópa í vetur. Unnið var með sjálfstyrkingu og það hvernig góður vinur er.

Nemendur í 8. – 10.bekk fengu fræðslu frá Geðlestinni. Geðlestinni (gedlestin.is) er ætlað að vekja athygli á mikilvægi geðheilsu og verndandi þáttum hennar. Einstaklingur sagði frá sinni persónulegu reynslu af geðrænum áskorunum, sýnt var leikið myndband og eftir það umræður. Nemendur gátu sett inn nafnlausar spurningar í gegnum símana/tölvurnar sínar. Það ætlaði allt um koll að keyra í lokin þegar Emmsjé Gauti mætti og tók lagið.

Samtökin 78 komu með fræðslu fyrir nemendur 10.bekkja. Stefnt er á fræðslu frá þeim fyrir fleiri árganga á næsta skólaári.

Þorgrímur Þráinsson var með fyrirlestur fyrir nemendur í 10.bekk, „Verum ástfangin af lífinu“. Í fyrirlestrinum brýnir hann fyrir nemendum að bera ábyrgð á sjálfum sér, sýna samkennd og þrautseigju, koma fallega fram og sinna litlu hlutunum dags daglega.

Nemendur í 8.bekk fengu fræðslu um stafrænt kynferðisofbeldi og 112 appið. Lögreglan kom og fór yfir málefnið og nemendur fengu tækifæri á að spyrja spurninga.

## *Starfs- og námsráðgjafi*

Náms- og starfsráðgjafi var starfandi við Rimaskóla í 100% starfshlutfalli. Hann þjónustar nemendur og til hans er leitað meðal annars vegna vanlíðan, samskiptavanda, kvíða, námsstuðning/námstækni, námsvanda, námsval, félagslegs – og/eða persónulegs vanda, sjálfsmynd og einelti. Algengast er að umsjónarkennari óski eftir viðtali fyrir nemanda sinn og þá í samráði við foreldra. Námsráðgjafi var með föst viðtöl fyrir sjö nemendur á mið- og unglingastigi sem þurftu á miklum námsstuðningi að halda. Fimm nemendur á miðstigi komu reglulega til náms- og starfsráðgjafa og unnu að verkefnum tengt sjálfstyrkingu, kvíðastjórnun og reiðistjórnun. Nemendur í 10.bekk fengu 9 tíma á skólaárinu þar sem þeim var kennd náms- og starfsfræðsla. Starfs- og námsráðgjafi sá einnig um verkefni sem kallast Atvinnutengt nám en velferðarsvið Reykjavíkurborgar stendur fyrir því. Verkefnið er í boði fyrir nemendur í 9. og 10. bekk. Atvinnutengdu námi er ætlað að mæta þörfum nemenda á unglingastigi í grunnskólum Reykjavíkur sem einhverra hluta vegna líður ekki vel. Margar ástæður geta legið þar að baki eins og námsleiði, námsörðugleikar eða erfiðar félagslegar aðstæður sem geta haft áhrif á skólagöngu og námsárangur. Verkefninu er ætlað að stuðla að vellíðan nemendanna og gefa þeim tækifæri til þess að sýna hvað í þeim býr fyrir utan skólastofuna. Verkefnið styður við hugmyndina um einstaklingsmiðað nám sem eflir sjálfstraust og áhuga til frekara náms þar sem sérstök stundatafla er útbúin fyrir hvern og einn nemanda með tilliti til atvinnuþátttökunnar. Aðalmarkmið Atvinnutengds náms er að bæta líðan nemenda og gefa þeim tækifæri til að vinna með styrkleika sína í gegnum verkefnið. Þrír nemendur voru skráðir í atvinnutengt nám á skólaárinu 2021-2022.

### *Tengslakannanir*

Tengslakannanir eru lagðar fyrir nemendur í 4. - 10. bekk í október og febrúar. Ef kennari óskar eftir að leggja einnig fyrir kannanir á öðrum tímum þá leitar hann til náms- og starfsráðgjafa. Auk þess geta kennarar í öðrum árgöngum leitað til náms- og starfsráðgjafa ef þeir vilja nýta sér tengslakönnun í sínum árgangi. Tengslakannanir eru lagðar fyrir nemendur til þess að kanna félagsleg tengsl innan árgangsins og/eða bekkjarins. Tengslakannanir geta gefið innsýn í hvernig nemendur tengjast í skólanum, í hópavinnu, í frímínútum og einnig eftir skóla. Jafnframt er hægt að skoða félagslega stöðu nemenda, hvaða nemendur standa utan við félagshópinn, hverjir verða fyrir mestri stríðni, höfnun o.fl. Náms- og starfsráðgjafi sér um að leggja fyrir tengslakannanir, vinna úr gögnum og fara yfir niðurstöður með umsjónakennurum.

### *Stærri kannanir*

Á þessu skólaári tók Rimaskóli þátt í tveimur rannsóknum, annarsvegar Rannsókn og greining og svo Æskulýðsrannsókninni. Brot af niðurstöðum má finna hér fyrir neðan.

### *Rannsókn og greining*

Niðurstöður rannsóknar ungt fólk (Rannsókn og greining) á meðal nemenda í 8., 9. og 10. bekk var lögð fyrir á tímabilinu febrúar til mars 2022. Hér fyrir neðan má sjá lykiltölur en þær gefa ákveðna mynd af stöðunni. Fram kemur hjá skýrsluhöfundum að svarhlutfall í ár hafi verið lægra miðað við undanfarin tvö ár. Skýringarnar eru þær að mikil veikindi voru í nemenda og starfsmannahópi á þessum tíma sem skýrir færri svör.

# Lykiltölur í lífi barna 2022



## Íslenska æskulýðsrannsóknin

Íslenska æskulýðsrannsóknin (ÍÆ) er rannsókn sem Menntavísindastofnun Háskóla Íslands framkvæmir fyrir Mennta- og barnamálaráðuneytið á grundvelli 12 gr. æskulýðslaga nr.

70/2007. Markmið verkefnisins er að safna gögnum um velferð og viðhorf barna og ungs fólks og gera niðurstöður aðgengilegar til að styðja við stefnumótun.

Könnun Íslensku æskulýðsrannsóknarinnar verður frá og með skólaárinu 2021-2022 lögð fyrir á hverju ári í grunnskólum. Hún er lögð fyrir í 6., 8. og 10. bekk líkt og

HBSC-könnunin auk fjórða bekkjar. Þá verður könnun lögð fyrir annað hvert ár í


framhaldsskólum (hefst 2022-2023) og fjórða hvert ár verður framkvæmd símakönnun



meðal ungs fólks utan skóla.

Niðurstöður á landsvísu úr öllum umferðum HBSC og ESPAD er hægt að skoða í mælaborði á **heimasíðu** rannsóknarinnar og niðurstöður ÍÆ verða aðgengilegar þar.


## Lykiltölur 6. bekkjar



LYKILTÖLUR


## Lykiltölur 8. bekkjar

LYKILTÖLUR



## Lykiltölur 10. bekkjar

## LYKILTÖLUR



### Að lokum

Eins og sjá má þá er skólastarf í Rimaskóla margbreytilegt og innleiðing á stefnum, svo sem Uppeldi til ábyrgðar og Leiðsagnarnám, í framkvæmd svo hægt sé að mæta nemendum betur þar sem þeir eru staddir auk þess að efla sjálfsvitund og sjálfsaga. Mikilvægt er að skólastarfið miði að því að nemendur verði besta útgáfan af sjálfum sér og öðlist seiglu til þess að taka þátt í nútímasamfélagi.

Við lok hvers skólaárs sér skólastjóri um að taka saman niðurstöður í sjálfsmatsskýrslu sem birt er á heimasíðu skólans. Á hverju skólaári eru kannanir ígrundaðar í hópum og starfsfólk setur sér markmið eftir því sem við á en ávallt með hagsmuni nemenda að leiðarljósi.